

117/ 59 fundur

Fimmtudagskvöldið 25.10.2001, kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:08.

Mættir: Gunnlaugur Ólafsson, Henryr Már Ásgrímsson, Þorsteinn Óla Þorbergsson, Oddur Skúlason og Magnús Már Þorvaldsson.

Varaoddviti setti fund og bauð menn velkomna. Varaoddviti óskaði eftir leyfi fundarins að taka á dagskrá í lok fundar erindi frá skólustjóra og nemendum. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerð nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarfundur, 27.09.01.
- Hafnarnefnd, / fulltrúar Siglingastofnunar, 27.09.01. Samþykkt samhljóða.
- Húsnæðisnefnd, 09.10.01. Samþykkt samhljóða.
- Skólamálaráð, 22.10.01. Samþykkt samhljóða.

Skýrsla sveitarstjóra í tengslum við fundargerðir margt kom fram í máli hans.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Heilbrigðiseftirlit N.e. 38. fundur, 28.09.01. Fjárhagsáætlun 2002. Samþykkt samhljóða fundargerð og fjárhagsáætlun.
- Heilbrigðiseftirlit N.e. 39. fundur, 15. 10.01. Samþykkt samhljóða.
- Bygginganefnd N-Þing. 04.10.01. Samþykkt samhljóða.
- Náttúruvernd ríkisins, fundur Hellissandi, 28.09.01. Kynning.

Varaoddviti gerði örstutt fundarhlé.

3. Mál. Innsend erindi:

- Harpa- Sjöfn, tilboð í viðgerð á svölum íþróttamiðstöðvar. Ákvörðun hreppsnefndar frestað. Samþ. samhljóða.

· Jóhann H. Þórarinsson, félag um tómstundastarf. Bréf dags. 09.10.01. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu og hafa samband við Byggðastofnun um afnot af húsnæðinu, samþ. samhljóða.

· Erindi: Sig. Sigursteinsson, f.h. Björgunarsv. Hafliða. Styrkumsókn.

· Erindi: Sig. Sigursteinsson f.h. Björgunarsv. Hafliða tilboð í húseign hrepps.

Varaoddviti óskaði eftir að umræður yrðu um báða þessa liði samtímis og var það samþykkt samhljóða. Magnús og Gunnlaugur kynntu málin fyrir fundarmönnum. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með formanni Björgunarsv. Hafliða. Samþykkt samhljóða.

· Leiðbeiningar og gjaldskrá heimilishjálpar Þórshafnarhrepps. Gjaldskráin samþ. samhljóða.

· Tækifæri- fjárfestingarsjóður, hlutafjárukning. Hafnað samhljóða.

· Snorraverkefnið- stuðningur við verkefnið 2002. Samþ. með tveimur atkv. einn á móti og einn sat hjá.

· Byggðastofnun / Iðnaðarráðuneytið, ráðstefna 30.10.01. Kynning.

· Erindi frá skólustjóra og nemendum. Bréf dags. 25.10.01 ásamt " Tillögum að betri bæ "

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með frumkvæði nemenda um betri bæ og sveitarstjóra falið að vinna strax í málinu. Samþykkt samhljóða.

· Áritaðir voru ársreikningar Fræs ehf. f.. árið 2000. Dagskrá tæmd, fundargerð lesin upp og smþ. samhljóða.

· Fundi slitið kl. 22:22.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari